

## Bjarni Thórarensen

og

## Stephan G. Stephansson.

Líkingarnar eru það, sem fyrst og fremst einkenna skáldskap Bjarna Thórarensens. Og þær eru svo mergjaðar, að það virðist einkar vel til fallið, þegar hann talar um, að hann hafi fundið kvæðakraft í brjosti sér.

Dæmin eru kunnari en svo, að þau þurfi að nefna; aðeins má minna á, hvernig útsýningshljóðið verður í eyrum hans »sem leiki naklukkur á loftramböldum«, þegar hann hugsar um lát vinar síns; hvernig torfur, sem skolast hafa upp á grjóteyrar, verða af sömu astæðu í augum hans »dökk feigðarkuml« eins og »ógróin leiði yfir jörðudum ná« og hvernig hann notar »horfinn ilm« í hinni yndislegu vísu »þá eik í stormi hrynur háa«.

Hvergi kemur þó betur fram, en í kvæðinu »Vetur« (»Hver ríður svo geyst« o. s. frv.), hvernig skáldgáfa hans er samkynja því ímyndunaraffli, sem til forna skóp úr náttúrumögnunum Æsi og Jötna.

Af því að ímyndunarafflið er svo ríkt, að það ber nærri skynjunina ofurlíða, þá láta Bjarna betur líkingar en lýsingar, þó að vísu væru til fagrar myndir af náttúrunni í huga hans, eins og sýna þessi orð:

Sólgyltan man eg Múla

mæna þar völlu of græna o. s. frv.

Um Jónas Hallgrímsson ma segja þvert á móti, að honum láti betur lýsingar en líkingar, af því skynjunargáfan var svo frábærlega næm, að hun mun hjá fáum eða engum Íslendingum hafa verið eins. Vegna þess átti hvert fagurt íslenskt orð sér góðan jarðveg í huga Jónasar, og vegna þess var hann, mér liggur við að segja, of »sannorður og trur« til að geta lýst nattu- runni öðru- visi en hún er. Þetta kemur skritilega fram í orðum eins og þess- um: »Með hjalminn skygnda hvitri líkan mjöll«. Jónas ætlar þarna að líkja jöklinum við hjalm, en það verður úr, að hann líkir honum við það, sem hann er líkastur (sbr. gátuna: hvaða fugl er líkastur hrafninum).

Eitt hið bezta skáld íslenskt á síðari tímum, Stephan G. Stephansson minnir að gáfnafari meir a Bjarna Thórarensen en nokkurt annað skáld. Ímyndunaraflið er svo tröllaukið, að náttúr- an verður öll lifandi í líkingum hans, ordatiltækin svo mergjuð, mannvitíð svo frábært. En Stefan litur líka á náttúruna opnum augum og sínum augum; hann nýtur þess ef til vill, að hann hefur ekki a barnsárunum, þegar mönnum er hægast um nám, gengið í einhvern skóla, þar sem menn helzt læra að líta með annara augum á ýmislegt, sem varðar þá litlu; en að læra að sjá með annara augum er að ýmsu leyti ekki betra en að vera blindur.

Stephan G. Stephansson minnir á þá menn, sem fyrstir sköp- uðu ýms íslensk orð og málshætti, sem varla eiga sinn líka að afli og speki; hann hefur það einkenni listamannsins, að orðin koma frá honum eins og nýslegnir gullperingar, en ekki eins og margþvældir seðlar; hann hefur líka það einkenni skáldsins, að að kvæðin hans hafa eins og sinn eigin róm. Þó dettur manni stundum í hug, hvort íslenskunni mundi ekki ef til vill hafa orðið ennþá meiri ávinningur að því, ef hann hefði lagt meiri stund á að rita óbundið mál en bundið.

Hér á Íslandi er Stephan G. Stephansson helzt kunnur af kvæðabálkinum »Á ferð og flugi«; hygg ég, að hver sa, sem hefur lesið það kvæði einu sinni, muni lesa það oftar. Má þar finna nóg dæmi til að sanna það, sem hér hefur verið sagt.

Þar eru þessi orð um einvelina.

Hjá stöðinni lagðist hun mäsandi móð,  
sem mist hefði dragkraft og þol.  
En hjartaslög gufunnar heyrðust þó enn  
í hrafnsvortum, gljandi bol.

Og þetta:

Það fór einsog vant er — hver uppspretta auðs,  
sem orðið gat Fataekum bót,  
varð gullsnara Fepukans harðara heft  
um hlekkbundinn Öreigans fót.

Ef til vill ber III. kafllinn (Ragnheidur litla) og IX. kafllinn (Daginn eftir hlakuna) af öðru: þessum ágæta kvæðabálki, en einstakar línur úr þeim geta ekki gefið mönnum rétta hugmynd um kvæðin.

I XVII. kaflanum eru þessi orð sannefnd spakmæli:

Að ég væri fulltrúa<sup>1</sup>, að fyndist þó loks  
í framtíðar ómælishyl  
það gull, sem að óþekt í aurunum lá  
og atvikið gróf ekki til<sup>1</sup>.

Algengari er nú ef til vill í mannseðlinu sá saur, sem atvikin grafa ekki til, en það væri gaman að vita af mörgum stöðum í íslenskum bókmentum. Þar sem jafn djúpviturleg hugsun væri sett fram af annari eins snild og öðru eins affi og gert er í þessari gullgrafaralíkingu.

I ernljóðum eftir Stephan G. Stephansson er þetta:

. . . þann fláðrarafans  
þú fyrirleizt sjálf, sem á leiði hvers manns  
með leirugum loftungum blaðra«.

Mér finst, að líkt þessu mundi Bjarni Thórarensen hafa getað komist að orði.

Það kvað vera von á, að kvæði Stephans G. Stephanssonar komi bráðum fyrir almenningssjónir í einni heild, og munu margir hlakka meira til að sjá þá bók en flestar aðrar, sem út hafa komið á síðari árum. Munu fleiri en sá, er þetta ritar, óska þess, að kvæðunum verði rætt eftir aldri, svo að þess auðveldara verði að gera sér hugmynd af þessu vitra og sannorða skáldi.

<sup>24</sup>/12. '03.

HELGI PJETURSSON.

<sup>1</sup> Leturbreytingin eftir mig. Annars er það galli á kvæðunum, hvað margar alveg óþarfar leturbreytingar eru í þeim.